

Mánudaginn 21. apríl 1997.

Nr. 176/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn**Annþóri Kristjáni Karlssyni**
(Pétur Örn Sverrisson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. apríl 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 29. maí 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. apríl 1997.

Ár 1997, mánudaginn 14. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jóni Finnbjörnssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Annþóri Kristjáni Karlssyni, kt. 010276-4039, Laufrima 8, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 29. maí 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

— — —

Niðurstaða.

Kærði er undir rökstuddum grun um fjölmörg brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga á þessu og síðasta ári, eftir að hann hlaut skilorðsbundinn dóm í nóvember. Brotin eru framin á tiltölulega skömmum tíma, og er augljóslega fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og brýnt tilefni til, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi. Verður varðhaldinu markaður tími í samræmi við kröfugerð lögreglu til fimmtudagsins 29. maí nk.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Annþór Kristján Karlsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 29. maí 1997 kl. 16.00.
